

**Fundargerð stjórnar BÍS 15/2016, miðvikudaginn 24. ágúst 2016 kl. 17:30
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

Mættir:

Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Bragi Björnsson skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

Tryggvi Bragason úr dagskráráði sat fundinn í fjarveru Unu Guðlaugar.

Fjarverandi: Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskráráðs, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1) Setning

Bragi Björnsson skátahöfðingi bauð fundarmenn velkomna.

2) Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

3) Yfirlit stjórnarmanna. Frestað.

4) Meginviðfangsefni 1:

- a. Félagsforingjafundur 28. ágúst

Dagskrá:

10:30 Húsið opnar, léttar veitingar – undirbúningur dagskrár

11:00 Fundur settur

Upprifjun stefnumótunar og markmiðavinnu

Svar BÍS við CC WOSM um skátaheitið og skátalögin

Dagskrá fundarins og fyrirkomulag kynnt

Samvinnudagatalið kynnt

Væntingar vetrarstarfsins

11:30 World Cafe – kynningar stjórnar og ráða

12:30 Hádegisverður

13:00 Kynning á mögulegum umræðuhópum

13:15 Umræðuhópar/Coffee Table (3x30 mínútna umræður)

14:45 Samantekt. Kynningar frá hópum

15:30 Önnur mál

16:00 Slit

- b. **StartUp! 7. september.** Umræðu frestað til næsta fundar.

5) Meginviðfangsefni 2:

- a. Skátaheit CC WOSM. Jón Þór kynnti drög sem þriggja manna nefnd stjórnarmeðlima (ÓP, JÞG, BLB) vann um viðbrögð og næstu skref við bréfi CC WOSM um skátaheitið og lög bandalagsins. Stjórn samþykkti tillöguna og ákveðið var að dreifa drögunum til fundarmanna á næsta félagsforingjafundi.
- b. Fjölgun fullorðinna og mannauðskerfið. Ólafur Proppé kynnti drög að mannauðskerfi sem fræðsluráð hefur sett saman. Fræðsluráð hyggst gefa út kynningarbækling í október. Fræðsluráð vill kynna þetta og ræða við forsvarsmenn félaganna, gefa út

handbók sem er í vinnslu og væntanleg í desember. Til að styrkja sjálfboðakerfið geta skátafélögin tilnefnt mannauðsstjóra/fyrirliða sjálfboðastarfs í sínu félagi. Æskilegt er að það gerist fyrir áramót því til stendur að halda námskeið fyrir fyrirliða sjálfboðastarfs um mannauðskerfið í febrúar/mars 2017. Sem þáttur í námskeiðinu munu þátttakendur vinna að þarfagreiningu í sínu félagi sem mun þá liggja fyrir í maí hjá þeim skátafélögum sem taka þátt. Þátttakendur eru þá búnir að útbúa virkt kerfi sem getur farið í gagníð eftir MOOT í ágúst 2017. Stjórn samþykkir þessa nálgun og skipulag.

6) Mál til kynningar

- a. Engin mál.

7) Mál til afgreiðslu og bókunar:

- a. Hálandi Íslands – ályktun/undirskrift viljayfirlýsingu samtakanna á www.halendid.is. Stjórn samþykkir viljayfirlýsingu.
- b. Rekka- og róvernet – vinnuhópablað. Samþykkt.

8) Önnur mál

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 19:00. Fundargerð ritaði SÁ